

Áform um eldi á regnbogasilungi samhliða eða í staðinn fyrir laxeldi í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 15. febrúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Háafelli um áform um eldi á regnbogasilungi samhliða eða í staðinn fyrir laxeldi þar sem hámarkslífmassi væri allt að 6.800 tonn í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning til matsskyldu á allt að 6.800 tonna ársframleiðslu á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi. Fyrirspurn um matsskyldu. Háafell, janúar 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Súðavíkurreppi dags. 22. mars 2021.
- Fiskistofu dags. 26. mars. 2021.
- Hafrannsóknarstofnun dags. 16. febrúar 2021.
- Matvælastofnun dags. 3. mars 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 4. mars 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 30. mars 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í greinargerð Háafells að um sé að ræða breytt áform fyrirtækisins varðandi eldi á laxi og regnbogasilungi frá því sem lagt var upp með í matsskýrslu fyrir 6.800 tonna laxeldi í Ísafjarðardjúpi frá árinu 2020. Álit Skipulagsstofnunar um fyrrnefnt eldi liggur fyrir sem og álit stofnunarinnar um 6.800 tonna eldi Háafells á regnbogasilungi, einnig í Ísafjarðardjúpi. Breytingarnar felast eingöngu í því að sá möguleiki sé fyrir hendi að unnt verði að ala regnbogasilung samhliða eða í staðinn fyrir frjóan eða ófrjóan lax. Heildarlífmassi, eldisstaðsetningar, eldisaðferðir og eldisstílling verða að öðru leyti óbreytt frá ofangreindum laxeldisáformum þegar hafa hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.



Í framlögðum gögnum Háafells kemur fram að flestum tilvikum séu umhverfisáhrifin þau sömu, hvort sem um sé að ræða eldi á frjóum eða ófrjóum laxi eða á regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Áhrifin eru þó meiri við að ala frjóan lax en ófrjóan lax eða regnbogasilung í tilfelli erfðablöndunar þar sem sú hættu er alltaf fyrir hendi að erfðablöndun eigi sér stað þegar frjór laxar sleppa. Þegar notaðir eru ófrjór laxar eða regnbogasilungur er sú áhætta ekki til staðar. Jafnframt er alltaf meiri hættu á að sjúkdómar og laxalús berist frá eldislaxi í villtan lax en í tilfelli regnbogasilungs.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að eldi á regnbogasilungi feli ekki í sér hættu á erfðablöndun við villta íslenska laxfiska. Það magn sem sótt er um í fyrri erindum og þessu erindi rúmast innan burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að hér sé um að ræða mál þar sem búið er annars vegar að gefa út rekstrarleyfi fyrir 6.800 tonna hámarkslífmassa fyrir regnbogasilungi og hins vegar liggur fyrir umsókn um að breyta rekstrarleyfinu sem heimilaði regnbogasilung yfir í lax og hafa báðar framkvæmdir farið í gegnum umhverfismat. Matvælastofnun telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat vegna tegundabreytingarinnar, að regnbogasilungi verði bætt við væntanlegt laxeldisleyfi Háafells, m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu muni hafa aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst er í fyrri umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fiskistofa telur að kynnt breyting á áformum feli í sér að möguleg umhverfisáhrif af sjókvíaeldinu, og áhrifa á villta laxastofna, verði þau sömu eða minni ef regnbogasilungur verði alinn í staðinn fyrir lax.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð framkvæmd er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem áður hefur undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og gerð eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdar, með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með hliðsjón af álagspoli náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis og , hverjar líkur séu á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum af 6.800 tonna eldi regnbogasilungs í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells frá árinu 2015 sem og álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum af 6.800 tonna laxeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum fyrirtækisins frá árinu 2020. Í þessari ákvörðun um matsskyldu er eingöngu til fjöllum áform Háafells um að sækja um leyfi



til að ala regnbogasilung samhliða eða í staðinn fyrir ófrjóan eða frjóan lax. Engar breytingar verða á heildarlífmassa, eldisstaðsetningum eldisaðferðum eða eldisskilyrðum frá því sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum í fyrrnefndu 6.800 tonna laxeldi fyrirtækisins. Að mati Skipulagsstofnunar mun sá möguleiki að ala regnbogasilung samhliða eða í staðinn fyrir frjóan og ófrjóan lax hafa í för með sér sömu eða sambærileg áhrif á flesta umhverfisþætti en minni áhrif á villta laxastofna samanborið við eldi á 6.800 tonnum af laxi. Þá telur stofnunin að áhrif fyrirhugaðrar breytingar á eldi Háafells í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vistkerfi verði óveruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2021.

Reykjavík, 3. maí 2021.

Egill Þórarinnsson

Tinna Jónsdóttir